

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 1/2006**

**frá 27. janúar 2006**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2005 frá 2. desember 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2005 frá 12. janúar 2005 um breytingu á III. og X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar faraldursfræðilegt eftirlit með smitandi heilahrörnun í nautgripum, sauðfé og geitum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/93/EB frá 2. febrúar 2005 að því er varðar bráðabirgðaákvæði um aðflutning og geymslutíma sendinga tiltekinna afurða úr dýraríkinu í tollvörugeymslum í Bandalaginu <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 260/2005 frá 16. febrúar 2005 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar flýtiprófanir <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Norskur texti reglugerða (EB) nr. 1/2005, 36/2005 og 260/2005 og ákvörðunar 2005/93/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 10, 13.1.2005, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 31, 4.2.2005, bls. 64.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 46, 17.2.2005, bls. 31.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2006

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/117/EB) í hluta 5.2:
  - „2. **32005 D 0093**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/93/EB frá 2. febrúar 2005 að því er varðar bráðabirgðaákvæði um aðflutning og geymslutíma sendinga tiltekinnna afurða úr dýraríkinu í tollvörugeymslum í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 31, 4.2.2005, bls. 64).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:
  - „– **32005 R 0036**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2005 frá 12. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 10, 13.1.2005, bls. 9),
  - **32005 R 0260**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 260/2005 frá 16. febrúar 2005 (Stjtið. ESB L 46, 17.2.2005, bls. 31).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/50/EB) í hluta 9.1:
  - „10. **32005 R 0001**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1:
  - „– **32005 R 0001**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 (Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).“
5. Eftirfarandi bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 93/119/EB) í hluta 9.1:

„, eins og henni var breytt með:

  - **32005 R 0001**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 (Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).“
6. Eftirfarandi bætist við í fjórða undirlið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/97) 1. liðar (tilskipun ráðsins 91/628/EBE) í hluta 9.1:

„, eins og henni var breytt með:

  - **32005 R 0001**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 (Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).“